

58. fundur skólanefndar

Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Stofu íslenskra fræða 27. nóvember 2008 kl. 13.00

Fundinn sátu Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, Margeir Ingólfsson, Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Rakel Pálmadóttir, Sigurjón Mýrdal, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason. Margrét Einarsdóttir var forfölluð.

Dagskrá:

1. Sölvi Sveinsson, sérfræðingur hjá Mrn. – Ný lög um framhaldsskóla, kynning
2. Nemendatölur og starfsmannamál
3. Reikningsskil mötuneytisins 2007-2008. Framtíðarrekstrarhorfur.
4. Sjálfsmatsáætlun skólans
5. Stefnumótunarvinnan
6. Fjárlagafrumvarpið og fjárhagsáætlun, 2009
7. Önnur mál.

Form setti fund og bauð sérstaklega velkomna Sölva Sveinsson og nýjan fltr. kennara Sigurjón Mýrdal.

1. Sölvi Sveinsson, sérfræðingur hjá Mrn. – Ný lög um framhaldsskóla, kynning

Sölvi fór yfir hvað framundan er í ljósi hinna nýju laga; annarsvegar hvað breytist í stjórnýslu og hinsvegar hvað breytist í innra starfi skólanna. Hann dreifði blaði með helstu áherslupunktum. (fskj. 1)

2. Nemendatölur og starfsmannamál

Páll gerði grein fyrir þróun nemendafjölda og afhenti yfirlit yfir þá þróun frá hausti 2005-hausts 2008. (fskj 2). Þá fjallaði hann lítillega um starfsmannamál.

3. Reikningsskil mötuneytisins 2007-2008. Framtíðarrekstrarhorfur.

Á fundinn kom gjaldkeri mötuneytis, G. Erna Halldórsdóttir og var til svara um reikninga mötuneytisins. (fskj. 3)

Skm. leiddi fundarmenn í gegnum reikninginn. Þar kemur m.a. fram að lítilsháttar hagnaður var á rekstrinum.

Framtíðin í rekstri mötuneytisins er eðlilega nokkuð óljós í ljósi ástands mála í þjóðfélaginu. Reikningarnir voru samþykktir.

4. Sjálfsmatsáætlun skólans

Páll gerði grein fyrir stöðu sjálfsmats við skólann og vinnu við áætlun til næstu þriggja ára og var það rætt lítillega.

5. Stefnumótunarvinnan

Form. reifaði þetta mál lítillega og síðan gerði skm. grein fyrir því hvernig málið stendur. Hann dreifði yfirliti yfir stefnumótunarvinnuna og skipulag hennar, sem unnið er af Capacent, sem hefur verið ráðið til verksins. (fskj. 4) Fór hann í gegnum þetta plagg með fundarmönnum.

Ákveðið var að stefna á vinnustofu skv. lið 4, föstudaginn 16. janúar, n.k..

Liður 4 var ræddur nokkuð m.t.t. þeirra sem taka munu þátt í deginum, t.d. nefndir fltr. Nemel, og fleiri fltr. nemenda. Voru slíkar tillögur settar í vinnslu.

6. Fjárlagafrumvarpið og fjárhagsáætlun, 2009

Form. taldi þetta vera allt í vindinum í ljósi þess hver staða mála er, eins og áður hefur komið fram. Skm. fór yfir ýmislegt sem tengist því sem framundan er og það var síðan rætt. Greindi hann frá fundi með fltr. Mrn. s.l. föstudag. Þar kom m.a. skýrt fram að þeir telja, að ekki sé hægt að réttlæta það lengur að reka 3 námsbrautir við skólann.

Skm. fjallaði nokkuð um námsframboð í skólanum að öðru leyti og líklegar breytingar á því m.v. tilteknar forsendur.

Þessi mál voru rædd allmikið en ákv. að fresta ákvörðun þar til betur liggur fyrir hvernig fjárveitingum verður háttað.

7. Önnur mál.

a. Málefni Héraðsskólahússins

Þessi tillaga um málefni Héraðsskólahússins var samþykkt:

Skólanefnd fagnar þeim endurbótum sem gerðar hafa verið á Héraðsskólahúsinu, en beinir því jafnframt til menntamálaráðherra að húsinu verði komið í rekstur hið fyrsta og þar með leyst undan rekstrarlegri ábyrgð Menntaskólans.

b. Breytingar á þvottahúsgjaldi.

Skm. greindi frá breytingum á greiðslu fyrir þjónustu þvottahúss, en ákv. hefur verið, að frá næstu áramótum verði þvottahúsgjald innifalið í heimavistargjaldi, sem hækkar þar með um kr. 2000 á mánuði á hvern einstakling. Þessi breyting hefur verið rædd í tvígang í skólaráði, og var samþykkt þar. Skólanefnd samþykkir þessa breytingu.

Fundi slitið kl 15.50

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason